

Til háskólaráðs

Stúdentakort og opnunartími bygginga, áherslur og afstaða öryggisnefndar HÍ

Stúdentakort eru gefin út í tveimur mismunandi útgáfum. Annars vegar auðkennis- og afsláttakort og hins vegar rafrænt aðgangskort. Auk þess að vera auðkennis- og afsláttakort veitir rafrænt aðgangskort korthafa aukinn aðgang að byggingum Háskólans umfram venjulegan opnunartíma þeirra. Rafrænt aðgangskort kostar kr. 1.500 og fær handhafi þess kr. 1.000 til baka þegar kortinu er skilað. Auðkenniskort fá stúdentar þeim að kostnaðarlausu.

Handhafar rafrænna stúdentakorta geta valið um aðgang að opnum rýmum í einum af neðangreindum kjörnum:

| | Virkir dagar | Laugardagar | Sunnudagar |
|------------------------------------|---------------------|--------------------|-------------------|
| Kjarni 1: Háskólatorg ⁱ | 7:30 - 24:00 | 7:30 - 22:00 | 10:00 - 22:00 |
| Kjarni 2: VR - II | 7:30 - 24:00 | 7:30 - 22:00 | 10:00 - 22:00 |
| Kjarni 3: Askja | 7:30 - 24:00 | 7:30 - 22:00 | 10:00 - 22:00 |
| Kjarni 4: Hamar/Stakkahlíð | 7:30 - 24:00 | 7:30 - 22:00 | 10:00 - 22:00 |

Á prófatíma þegar þörfin er að öllu jöfnu mest hefur hinn rafræni aðgangur verið veittur frá kl. 7:30 – 02:00. Þá má geta þess að nemendur í framhaldsnámi geta fengið sólarhringsaðgang í einum kjarna ef viðkomandi deild óskar eftir því.

Vert er að hafa í huga að stúdentar sem eru í byggingunum þegar þeim er lokað er ekki vísað út. Þannig geta stúdentar sem eru komnir inn kl. 02 á prófatíma (en annars kl. 24:00 eða 22:00) verið inni í byggingunum áfram. Í þessu ljósi geta þeir notið sólarhringsaðgangs ef þeir eru á annað borð komnir inn í byggingarnar meðan kortin virka.

Oft hefur verið skoðað hvenær stúdentar fara inn í byggingar með aðgangskortum. Fullyrða má að það er afskaplega lítið um að þeir fari inn eftir að byggingum er lokað. Sem dæmi má nefna að sunnudaginn 2. maí (þegar prófatíminn er í algleymingi og almennur lokunartími HT-torgs er kl. 20 fóru alls 8 manns inn á HT-torg á korti á tímabilinu kl. 20:00-02:00. Af þessum átta einstaklingum fóru 6 inn um vesturdyrnar (nr. 206) en 2 inn um austurdyrnar (nr. 210).

Öryggisnefnd leggur áherslu á að hver og einn sem fær aðgangskort að byggingum skólans kynni sér þá skilmála sem fylgir því að fá slíkt kortⁱⁱ. Í ljósi þess að stúdentar kvitta fyrir að hafa kynnt sér skilmálana er ekki ástæða til að ætla annað en dæmið hér að ofan sýni nokkuð vel þörfina fyrir aðgangi að byggingunum eftir lokun þeirra. Þrátt fyrir þetta hefur öryggisnefnd þó metið það svo að leiða megi líkum að því að meiri hættu sé á að stúdentakortin séu misnotuð að næturþeli en á öðrum tímum. Sú umræða hefur nokkrum sinnum komið upp að svo virðist sem freistandi sé að koma við í skólanum t.d. á leiðinni heim af skemmtanalífínu og hafa einhverja viðdvöl í húsakynnum skólans og víst er að ýmis óæskileg ummerki hefur mátt greina um að slíkt kynni að eiga sér stað. Í þessu sambandi má nefna að sprautur hafa fundist á salernum skólans, einnig ummerki um áfengisneyslu í opnum rýmum og útigangsmenn hafa í einhverjum tilvikum reynt að búa um sig í húsunum, hugsanlega hafa þeir komist inn með því að sæta lagi þegar farið er inn í húsin að næturþeli. Hvort sem að rekja megi slík dæmi til þess að aðgangur að byggingum skólans hafi verið of frjálsgur eða ekki hafa slík tilvik sem betur fer ekki komið upp eftir að nýjar reglur um

notkun stúdentakortanna voru settar. Öryggisnefnd hefur metið það svo að betra sé að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni. Þá má geta þess að kennsluvið HÍ hefur tekið undir með nefndinni að ekki séu nein rök fyrir því að stúdentar hafi sólarhringsaðgang að byggingum skólans og langt frá því að slíkt eigi að flokkast sem sjálfsögð þjónusta við nemendur.

Öryggisnefnd telur að ekki verði lengra gengið í þjónustu við nemendur en aðgangskortin gera nú þegar nema ef vilji er til að koma á mannaðri vakt eftir lokun bygginganna eins og tíðkast gjarnan við erlenda háskóla þar sem nemendur hafa takmarkaðan aðgang eftir almenna lokun. Hugsanlegt er að koma upp slíkri vakt í kjarna Háskólatorgs en loka lesaðstöðu í öðrum byggingum skólans á nóttinni. Næturlesaðstaðan yrði þá á Háskólatorgi og hver og einn gerði grein fyrir sér hjá vaktmanni við komu og brottför. Að lokum skal þess getið að öryggisnefnd telur ekki unnt að taka tilboði Stúdentaráðs um vöktun á byggingum skólans. Húsnæði skólans er á ábyrgð skólayfirvalda sem ákveða hvernig eigna- og öryggiseftirliti í byggingum skólans er háttað. Telur öryggisnefnd að varsla á vegum stúdenta tryggi ekki öryggi bygginga með þeim hætti sem nefndin telur nauðsynlegt. Enn fremur telur öryggisnefnd óeðlilegt að leggja ábyrgð á eignum skólans og öryggi þeirra sem þar dvelja á herðar stúdenta.

Frá öryggisnefnd Háskóla Íslands
Sveinbjörn Gizurarson, formaður

ⁱ Hægt er að ganga inn um vestur- eða austurdyr Háskólatorgs, en innangengt er um Gimli, Lögberg og Odda

ⁱⁱ **Ábyrgð og skilmálar**

Heimild fyrir auknum aðgangi að byggingum Háskóla Íslands felur í sér eftirfarandi skuldbindingu af hálfu nemenda:

- Handhafi má einn nota kortið til að komast inn í byggingar eftir almennan lokunartíma þ.e. ekki er heimilt að taka með sér gesti.
- Ætlast er til að nemendur gangi snyrtilega um öll rými og skilji ekki eftir sig matarílát eða annað rusl á borðum eða gólfi. Notum ruslakörfur.
- Almennar umgengisreglur skulu hafðar í heiðri - sjá nánar á <http://www.hi.is/is/skolinn/husreglur>
- Hvers kyns misnotkun á rafrænu aðgangskorti leiðir til missis kortsins.